

**542. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 9. maí  
2019  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Nancy Rut Helgadóttir (NRH) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Oddviti býður fundarmenn velkomna, setur fund og leitar eftir athugasemdum við fundarboð, svo var ekki.

**1. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330**

*Samþykkt samhljóða*

**2. Fundargerðir 2019 Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks -  
1902474**

*Samþykkt samhljóða*

**3. Fundargerðir 2019 Samband íslenskra sveitarfélaga - 1901337**

*Samþykkt samhljóða*

**4. Fundargerðir 2019 Velferðarráð - 1901217**

*Sveitarstjórn mun taka jafnréttisáætlun fyrir á næsta fundi.*

*Sveitarstjóra falið að undirbúa reglur vegna félagslegs húsnæðis sveitarfélagsins.*

*Fundargerð Velferðarráðs samþykkt samhljóða.*

**5. Fundargerðir 2019 Náttúrustofa Vestfjarða - 1902512**

*Samþykkt samhljóða*

**6. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 40 - 1902003F**

*Eftirfarandi liðir teknir fyrir sérstaklega*

*6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 6.5, 6.9*

*Samþykkt samhljóða*

**6.1 1902423 - Tungusilungur breyting á deiliskipulagi**

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagsbreytingin verði send til Skipulagsstofnar til afgreiðslu skv. 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

**6.2 1809041 - Aðalskipulag endurskoðun**

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki lýsinguna til auglýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send til umsagnaraðila.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa stýrihóp vegna aðalskipulagsvinnu og í honum sitji, formaður byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar, LM fyrir hönd sveitarstjórnar og Jónatan Guðbrandsson fulltrúi íbúa. Sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi starfi með nefndinni. Sveitarstjóri kallar saman fyrsta fund.

#### Samþykkt samhljóða

- 6.3 1706039 - Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd áréttar fyrri bókun sína og vísar málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa aðalskipulagsbreytingu á reitnum, mál sem var frestað á fundi sveitarstjórnar í febrúar. Ekki er um að ræða deiliskipulag á reitnum enda liggja ekki fyrir gögn um það.

#### Samþykkt samhljóða

- 6.4 1903106 - Beiðni um friðlýsingu á Sveinseyrarodda

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila friðlýsingu á Sveinseyrarodda. Sveinseyraroddi er hverfisverndaður í aðalskipulagi vegna æðar- og kríuvarps.

#### Samþykkt samhljóða

- 6.5 1905001 - 20 m<sup>3</sup> olútankur í Norður Botni

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að umsækjandi þarf að fá umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og eldvarnareftirliti vegna erindisins. Þá bendir nefndin á að umrædd staðsetning virðist vera utan deiliskipulagsreits.

Leggja fram þarf nánari gögn áður en nefndin tekur afstöðu til málsins, afstöðumynd þarf að sýna gildandi skipulag ásamt málsettri fjarlægð frá næsta húsi.

- 6.6 1901240 - Hrafnadalur Plan í Hrafnadal

Nefndin þakkar fyrir erindið, en málið hefur breyst og málinu því hafnað.

- 6.7 1306070 - Umsókn um byggingarleyfi Móatún 9.

Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 5. júlí 2013 og samþykkt með fyrirvara um leyfi nágranna og fullnægjandi hönnunargögn. Fyrir liggur samþykki nágranna ásamt byggingarnefndarteikningum. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.

- 6.8 1904159 - Strandgata 36, óleyfisíbúðir

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að heimild fékkst frá nefndinni árið 1998 að breyta notkun hússins. Nefndin felur byggingarfulltrúa að skoða málið og senda bréf til húseiganda og fá upplýsingar um málið. Nefndin bendir á að húsnæðið er á svæði sem er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.

- 6.9 1904157 - Strandgata 25, íbúðir í iðnaðarhúsnæði

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur slökkviliðsstjóra, byggingarfulltrúa og sveitarstjóra falin heimild til að rýma húsið eins fljótt og auðið er. Í húsnæðinu er ammoníak sem getur valdið hættu fyrir þá sem

gista í húsnæðinu.

Nefndin bendir á að húsnæðið er á svæði sem er skilgreint hafnarsvæði og því ekki heimilt að hafa íbúðir á svæðinu.

Sveitarstjórn tekur undir bókun byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar og lýsir fullum stuðningi við vinnubrögð sveitarstjóra við málinu. Ekki má með nokkru móti líða svona framkomu við fólk og sveitarstjórn átelur harðlega eiganda húsnæðisins fyrir þjóða sínum starfsmönnum upp á slíkar aðstæður. Jafnframt harmar sveitarstjórn framgöngu heilbrigðiseftirlits og brunavarnareftirlits í málinu og hvetur þá til að gera bragarbót á sínum starfsháttum í takt við lög og reglur.

6.10 1812151 - Innheimta fyrir geymslusvæði í Hrafnadal

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að telji bréfitari sig ekki eiga umrædda muni verði þeim eytt ef enginn telur sig eiga þá á kostnað sveitarfélagsins. Nefndin leggur til að reikningur verður felldur niður.

6.11 1902511 - Umsókn um stöðuleyfi

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 40.000,- pr. gám.

6.12 1902463 - Athugasemd vegna stöðuleyfa

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd hafnar því sem fram kemur hjá bréfitara og bendir á G-lið greinar 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Stöðuleyfisgjöldin standa óbreytt.

6.13 1903003 - Ósk um niðurfellingu á stöðuleyfisgjaldi

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd fellst á rök bréfitara. Samkvæmt G lið greinar 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. sgir að smáhýsi að hámarki 15 ferm, úr léttum byggingarefnum til geymslu garðáhalda o.þ.h. séu undanþegnar byggingarleyfi. Stöðuleyfisgjald skal því fellt niður.

6.14 1904091 - Jörðin Innsta-Tunga

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa og sveitarstjóra að svara erindinu.

6.15 1904150 - Fráveitulögn frá seiðaeldisstöð

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið en óskar eftir nánari teikningum.

6.16 1905030 - Starthús - umsókn um byggingarleyfi

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að veita grafrarleyfi með fyrirvara um leyfi Minjastofnunar.

6.17 1901248 - Samningur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarka 2018

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að sveitarstjórn hefur þegar hafnað samningnum.

6.18 1903039 - Boð um þátttöku á samráðsvettvangi. Loftslag, landslag, lýðheilsa - nýtt landsskipulagsferli að hefjast

Lagt fram til kynningar.

Byggingarfulltrúi mætti á samráðsfund á Ísafirði.

**7. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 29 - 1905001F**

*Fundargerðin er samþykkt samhljóða*

7.1 1905007 - Sumarnámskeið 2019

7.2 1904114 - Skáknámskeið

Nefndin vísar erindinu til skólastjóra og bendir jafnframt á að gott er að hafa samband við Skáksamband Íslands.

7.3 1905028 - Umsókn um launalaust leyfi

7.4 1905029 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastjóri fer yfir vinnu við starfsmannahald og skóladagatal. Ákveðið að halda aukafund í lok maí og staðfesta skóladagatal og stundatöflur.

Nefndin býður nýja skólastjórann velkominn til starfa.

7.5 1904084 - Ráðning skólastjóra

JÖH lýsir óánægju með að hafa ekki verið boðið að vera viðstaddur viðtöl við umsækjendur um skólastjórastöðu eins og hann hafði farið fram á.

EDJ og BS vilja koma á framfæri innilegri afsökunarbeiðni fyrir þessa handvömm.

**8. Sumarlokun skrifstofu - 1904146**

*Samþykkt að sumarlokun skrifstofu verði frá 22. júlí til og með 9. ágúst.*

*Samþykkt samhljóða*

**9. Sumarleyfi sveitarstjórnar - 1904147**

*Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi fundartíma í sumar:*

*27. júní*

*15. ágúst*

*Enginn fundur í júlí vegna sumarleyfis sveitarstjórnar*

*Samþykkt samhljóða*

**10. Samningur v. aðalskipulagsvinnu - 1905054**

*Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi drög að samningi við Landmótun sf og felur sveitarstjóra að ganga frá honum.*

*Samþykkt samhljóða*

**11. Ársreikningur 2018 - 1902584**

*Rekstrarniðurstaða A-hluta er 68.466.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 69.484.000. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er 40.375.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 86.249.000. Eigið fé A hluta er 240.571.000, eigið fé A og B hluta er 290.707.000*

*Handbært fé í árslok er kr. 27.498.000*

*Samþykkt samhljóða*

**12. Boð á 64. fjórðungsþing Vestfirðinga - 1905055**

*LM, GÓ, IÓP og BSHar boða forföll, BG og NH mæta á þingið í umboði sveitarstjórnar.*

*Samþykkt samhljóða*

**13. Skapandi dagar fyrir stjórnendur í sveitarfélögum 3 - 4 júní - 1905022**

*Lagt fram til kynningar*

**14. Ársreikningur Vestfjarðarstofu - 1905052**

*Samþykkt samhljóða*

**15. Aðalfundur Vestfjarðastofu 10. maí - 1904138**

*Sveitarstjórn fagnar því framtaki Vestfjarðarstofu að halda sameiginlegan ársfundardag.*

*Samþykkt samhljóða*

**16. Grænbók um stefnu í málefnum sveitarfélaga birt í samráðsgátt - 1905013**

*Lagt fram til kynningar*

**17. Grenjavinnsla - áframhald - 1904153**

*Sveitarstjóra falið að ganga til samninga á svipuðum nótum og verið hefur.*

*Samþykkt samhljóða*

**18. Ákvörðun um stofnframlag sveitarfélags. - 1905038**

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir að hreppurinn leggi fram 16% stofnframlag til byggingar íbúðanna á móti 24% framlagi ríkissjóðs, þ.e. 18% almennu stofnframlagi að við bættu 6% framlagi í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 555/2016, vegna íbúða á svæðum þar sem skortur er á leiguhúsnæði og bygging íbúða hefur verið í lágmarki og vandkvæði við fjármögnun á almennum markaði.*

*Stofnframlag Tálknafjarðarhrepps skiptist í 12% almennt framlag, 27.648.000 kr og 4% viðbótarframlag, 9.216.000kr, eða samtals 36.864.000 kr. Almenna stofnframlagið er háð veitingu 18 prósentu framlags ríkissjóðs sbr. 7. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og 4% viðbótarframlagið er háð veitingu 6 prósentu viðbótarframlags ríkissjóðs, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar.*

*Stofnframlag Tálknafjarðarhrepps greiðist með peningum, eftir því sem verkinu miðar og í samræmi við nánara samkomulag við Landsbankann um brúarlán á meðan á framkvæmdum stendur.*

*Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu.*

*LM greiðir atkvæði gegn tillögunni og bókar eftirfarandi:*

*E-listinn getur ekki fallist á framlagða bókun meirihluta sveitarstjórnar um stofnframlag í öryggisíbúðir þar sem ekki hefur verið sýnt fram á þörf íbúa fyrir þessar íbúðir og hvernig tryggja eigi rekstur þeirra til frambúðar. Slík ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins er vítaverð af hálfu meirihluta sveitarstjórnar þegar stór hluti þorpsins býr við óviðunandi ástand í neysluvatnsmálum og jafnframt algjört neyðarástand með tilliti til brunavarna vegna vatnsskorts, götur sveitarfélagsins eru illa farnar vegna skorts á viðhaldi og fráveita sveitarfélagsins er í algjörum ólestri. Forgangsröðun á þessu máli er óskiljanleg í ljósi þess að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var samþykkt*

*fyrir fimm mánuðum og í henni er ekki minnst á þetta málefni. Á sama tíma var þriggja ára áætlun sveitarfélagsins uppfærð og þar koma þessar áherslur ekki fram heldur.*

### **19. Tillaga um íbúafund - 1905053**

*Tillaga frá E-lista*

*E-listinn leggur til að haldinn verði íbúafundur sem allra fyrst þar sem ársreikningar verða lagðir fram og skýrðir og íbúum kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir varðandi búsetulausnir eldri borgara. Jafnframt er þess óskað að meirihluti sveitarstjórnar svari spurningum varðandi framtíðaráform sveitarfélagsins.*

*Breytingartillaga frá lista óháðra*

*Undirrituð taka heilshugar undir tillögu E-listans um nauðsyn þess að halda íbúafund enda var aukið íbúalýðræði á stefnuskrá listans fyrir síðustu kosningar. Virkja þarf íbúa í ýmsum framfaramálum í sveitarfélaginu á þessu ári, má þar nefna vinnu við nýtt aðalskipulag þar sem mjög mikilvæg er þátttaka íbúa, myndun skólafélags er annað áriðandi verkefni sem krefst virkrar þátttöku allra sem brenna fyrir góðum skóla. Og hvað varðar stefnu meirihlutans varðandi búsetuúrræði fyrir aldraða er einmitt sérstök ástæða til að kynna það ferli fyrir íbúum. Eins og komið hefur fram í fundargerðum sveitarstjórnar hefur verið sótt um stofnframlag til byggingar öryggisíbúða fyrir eldra fólk en hvort það framlag fæst eða ekki liggur ekki fyrir á þessari stundu. Síðast en ekki síst er það vilji meirihlutans að íbúar sveitarfélagsins geti komið fyrr og meira en verið hefur að undirbúningi fjárhagsáætlunar og reiknað er með hefja vinnu við fjárhagsáætlun næstu þriggja ára, eða út kjörtímabilið, í byrjun september.*

*Þar sem umfjöllun um ársreikning er, á þessum tímapunkti, umfjöllun um fortíðina leggjum við til að í stað íbúafundur núna verði boðað til opins vinnudags / íbúafundar um málefni sveitarfélagsins til framtíðar, fyrstu helgina í september.*

*Bjarnveig Guðbrandsdóttir oddviti, Guðni J. Ólafsson, Nancy Helgadóttir, Björgvin Smári Haraldsson*

*Breytingartillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum, LM á móti.*

*LM bókar að hún telur að ekki megi bíða fram í september með íbúafund, æskilegt sé að íbúafundur sé haldinn sem fyrst.*

### **20. Kaupsamningur Miðtún 2 - 0201 - 1905072**

*Sveitarstjórn samþykkir að selja Miðtún 2 - 0201 til Sebastián Slomski og felur sveitarstjóra að ganga frá sölu íbúðarinnar.*

*Samþykkt samhljóða*

### **21. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453**

*Upplýsingagjöf sveitarstjóra 09. maí 2019*

*Fundir og viðburðir*

*Fjarfundur vegna umhverfissvottunar*

*Hátíðarsprenging í Dýrafjarðargöngum*

*Margir fundir vegna skólamála*

*Fundur með atvinnuveganefnd og undirbúningsfundir vegna hans*

*Bæjarstjóramót í Hveragerði*

*Fræðslunefndar og byggingarnefndarfundir*

*Uppskeruhátíð og úrslit í Landsbyggðarverkefni í Tálknafjarðarskóla*

*Verkefni frá síðasta fundi sem eru enn í vinnslu.*

*Vinna í lífeyrismálum vegna Hjallastefnunnar ? Er í vinnslu, verið að vinna í sameiginlegri niðurstöðu þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, hef farið fram á milligöngu Samb. Ísl. Sveitarfélag í málinu.*

*Búin að funda með Brú og Sambandinu en að öðru leyti litið gerst frá síðasta fundi.*

*Komið nýtt álit, jafn loðið og önnur.*

*Auglýsa Bugatún grunn, Brekku og Valhöll.*

*Grunnurinn í Bugatúni er komin á sölu, eftir að klára Brekku og Valhöll.*

*Þjóða út vinnu við grænu svæðin ?*

*Útboðsgögn eru í yfirllestri hjá Jóhanni.*

*Hef óskað eftir við Ba-337 ehf að framlengja samning um eitt ár.*

*Framkvæmdir við fráveitu á höfninni ?*

*Búið að auglýsa útboð vegna þess hluta sem var í fjárhagsáætlun.*

*Tilboð verða opnuð á morgun.*

*Klára að koma innra rekstrareftirliti í farveg.*

*Er er í vinnslu, hluti af því var stutt námskeið hjá Wise.*

*Vinna húsnæðisstefnu fyrir sveitarfélagið.*

*Ný verkefni framundan:*

*10. maí ársfundadagur á Ísafirði.*

*14. maí fundur með Vegagerðinni*

*15.-16. maí heimsækir Hafnarsambandið Vestfirði.*

*15. maí fundur vegna umhverfissvottunar*

*16. maí fundur vegna Brunavarnaráætlunar*

*21. maí er vinnustofa á Ísafirði á vegum mengunarvarnaráði hafna. Mun mæta þar ásamt nýjum hafnarverði.*

*23. maí ? 13. Júní að mestu leyti frí, ekki búin að ákveða hvort ég tek tölvuna með eða læt mér nægja að fylgjast með póstinum í símanum.*

*Annað*

*Óvenjumargir frídagar frá síðasta fundi, páskafrí, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og einn jarðarfaradagur.*

*Nýr skólastjóri og ný hafnarvörður hefja störf.*

*Óleyst mál í málakerfi:*

*11/4 = 856*

*08/5 = 768*

**22. Endurskoðun sóknaráætlun, vinnustofa - 1905051**

**23. Stóri plokkgdagurinn - 1904148**

*Sveitarstjórn lýsir yfir mikilli ánægju með þetta framtak og þakkar frumkvæðið.*

*Samþykkt samhljóða*

**24. Reglur um fjármál sveitarfélaga - 1905011**

**25. Fundarboð þriðjudaginn 30. apríl - 1904086**

**26. Ný lög um opinber innkaup og námskeið 6. maí Tilkynning til allra sveitarstjórna - 1904107**

**27. Upplýsingapóstur vegna laga um opinber innkaup og breytinga er varðar sveitarfélög - 1905040**

**28. Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, 771. mál. - 1905009**

**29. Til umsagnar frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 772. mál. - 1905015**

**30. Ársreikningur NAVE - 1905071**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.**



---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)